

**HRINGVEGUR**  
**Litla Sandfell – Haugaá**  
Kynning framkvæmda

Magnús Björnsson



**Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri**  
**September 2008**

## EFNISYFIRLIT

|          |   |           |
|----------|---|-----------|
| <b>1</b> | <b>YFIRLIT</b>                            | <b>2</b>  |
| 1.1      | ALMENNT                                   | 2         |
| 1.2      | MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR                       | 2         |
| 1.3      | MATSSKYLDA                                | 2         |
| 1.4      | AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR       | 2         |
| 1.5      | LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR       | 3         |
| 1.6      | SKIPULAG                                  | 3         |
| 1.7      | NÁTTÚRUMINJASKRÁ                          | 3         |
| 1.8      | RANNSÓKNIR                                | 3         |
| 1.9      | LEYFISVEITENDUR                           | 3         |
| <b>2</b> | <b>STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI</b>       | <b>4</b>  |
| 2.1      | STAÐHÆTTIR                                | 4         |
| 2.2      | NÚVERANDI VEGUR                           | 4         |
| <b>3</b> | <b>FRAMKVÆMDALÝSING</b>                   | <b>5</b>  |
| 3.1      | VEGUR                                     | 5         |
| 3.2      | BRÝR                                      | 5         |
| 3.2.1    | Þórisá                                    | 5         |
| 3.2.2    | Eyrarteigsá                               | 5         |
| 3.2.3    | Jóka                                      | 5         |
| 3.3      | EFNISÞÖRF                                 | 6         |
| 3.4      | FRÁGANGUR                                 | 7         |
| 3.5      | VINNUBÚÐIR                                | 7         |
| 3.6      | REKSTUR                                   | 7         |
|          | <b>UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR</b>     | <b>8</b>  |
| 3.7      | ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM | 8         |
| 3.7.1    | Vegagerð                                  | 8         |
| 3.7.2    | Efnistaka                                 | 8         |
| <b>4</b> | <b>ÁHRIF FRAMKVÆMDAR</b>                  | <b>9</b>  |
| 4.1      | LANDSLAG                                  | 9         |
| 4.2      | LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN                | 9         |
| 4.3      | JARÐMYNDANIR                              | 9         |
| 4.4      | VATN                                      | 9         |
| 4.5      | GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF                      | 10        |
| 4.6      | SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ                  | 10        |
| 4.7      | MENNINGARMINJAR                           | 10        |
| <b>5</b> | <b>AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA</b>          | <b>11</b> |
| <b>6</b> | <b>NIÐURSTAÐA</b>                         | <b>12</b> |
| <b>7</b> | <b>HEIMILDIR</b>                          | <b>13</b> |
| <b>8</b> | <b>TEIKNINGAR</b>                         | <b>13</b> |

# 1 YFIRLIT

## 1.1 ALMENNT

Vegagerðin fyrirhugar að framkvæmdir á Hringvegi í Skriðdal, á milli Litla Sandfells og Haugaár. Um er að ræða 10,9 km langan kafla með 7,1 km nýbyggingu og 3,8 km endurbyggingu á núverandi vegi. Nýbyggingarkafli byrjar um 1 km sunnan við Litla Sandfell þar sem vegur færir nær Grímsá. Nýbyggingarkafli endar um 150 m sunnan við ána Jóku og þaðan verður vegurinn endurbyggður að slitlagsenda skammt norðan við Haugaá. Nýjar brýr verða byggðar yfir Þórisá, Eyrarteigsá og Jóku en einbreiðar brýr eru yfir þessar ár á núverandi vegi.

Áætlað er að bjóða verkið út um haustið 2008 og að framkvæmdum ljúki um seinni hluta sumars 2010.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið en með henni mun umferðaröryggi aukast á þessum kafla.

## 1.2 MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi á Hringvegi í Skriðdal og tryggja greiðari samgöngur. Vegurinn verður 7,5 m breiður með 7,3 m breiðri klæðingu. Hönnunarhraði verður 90 km/klst.

## 1.3 MATSSKYLDA

Framkvæmdin telst ekki matskyld skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum. Kanna þarf matsskyldu skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku í farvegi Jóku, sbr. lið 2a. í 2. viðauka laganna.

## 1.4 AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar, þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum er Austurland. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer beint undir vegagerð og efnistöku er á Fljótsdalshéraði.

Framkvæmdin afmarkast af efnistöku, byggingu ræsa og uppbyggingu vegar á svæðinu. Rekstur mannvirkja og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur. Framkvæmdasvæði sést á teikningu 1.

## 1.5 LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR

Samráð verður haft við eftirtalda aðila og þeim send kynningargögn:

- **Landeigendur og ábúendur**, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu:
  - **Litla Sandfell:** Bjarni Árnason
  - **Eyrarteigur:** Eymundur Sigurðsson og Sigurður Eymundsson
  - **Hryggstekkur:** Guðröður Ágústsson
  - **Arnhólsstaðir:** Guðröður Ágústsson
  - **Hallbjarnarstaðir:** Magnús Karlsson
  - **Víðilækur:** Bragi Björgvinsson
- **Sveitarstjórn Fljótshéraðs**, varðandi framkvæmdarleyfi.
- **Umhverfisstofnun** um efnistöku og frágang á svæðinu.
- **Fiskistofa** vegna breytinga á árfarvegum og efnistöku.
- **Skipulagsstofnun** vegna könnunar á matsskyldu vegna efnistöku í Jóku.

## 1.6 SKIPULAG

Í gildi er Aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017. Veglína liggur að mestu eins og gert er ráð fyrir á gildandi skipulagsupprætti. Unnið er að gerð aðalskipulags fyrir Fljótshérað og er gert ráð fyrir þeim minni háttar breytingum sem hafa orðið á veglínu frá gildandi skipulagi.

## 1.7 NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Framkvæmdin er ekki á svæði á Náttúruminjaskrá. Í næsta nágrenni er aftur á móti eftirfarandi svæði sem er á Náttúruminjaskrá;

***Þingmúli, Skriðuvatn, Haugahólar og Vatnaskógar, Skriðdalshreppi [nú Fljótshéraði], S-Múlasýslu.*** (1) Lönd jarðanna Þingmúla og Múlastekks milli Múlaár og Geitdalsár frá ármótum suður í og með Hálsamótum. Þá áfram suður með Múlaá, Skriðuvatn og svæði milli Forviðarár og Stuttadals, þ.e. vesturhlíðar Vatnsskógafjalls og Haugafjalls. (2) Rætur forrarr megineldstöðvar (Þingmúli), fjölbreyttar jarðmyndanir, framhlaup og steingervingar frá tertíer. Söguminjar við Þingmúla. Skriðuvatn er lífríkt vatn í gróðursælu umhverfi.

## 1.8 RANNSÓKNIR

Verkfæðistofan Mannvit hf hefur gert rannsóknir á efni á fyrirhuguðum efnistökuþöllum og á efni í vegstæði. Veglínin hefur verið þversniðsmæld. Ekki er talin þörf á öðrum rannsóknum.

## 1.9 LEYFISVEITENDUR

Í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þarf Vegagerðin að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Fljótshéraðs.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

Heimild Fornleifaverndar ríkisins er nauðsynleg þurfi að raska fornminjum sbr. 14. gr Þjóðminjalaga nr. 107/2001.

## 2 STADHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

### 2.1 STADHÆTTIR

Fyrirhuguð framkvæmd er í Skriðdal á Fljótsdalshéraði, frá klæðingarenda við Litla Sandfell og um 4 km suður fyrir Skriðdalsveg. Veglína liggur ýmist um núverandi veg, tún eða mjög lítið grónar og ógrónar áreyrar. Víða á svæðinu er búið að planta trjám til skógræktar. Norðan við Þórisá liggur veglína þó um gróið mólendi/kjarrlendi á um 300 m kafla. Frá Skriðdalsvegi að suðurenda framkvæmdakafla liggur veglína eftir núverandi vegi.

Á leiðinni eru 3 ár sem þarf að brúa. Þetta eru Þórisá, sem er nyrst, Eyrarteigsá og Jóka sem er syðst. Árnar eru allar dragár og eru stærstu flóð yfirleitt í leysingum á vorin.

### 2.2 NÚVERANDI VEGUR

Á þessum kafla er Hringvegur (vegnúmer 1) mjór malarvegur. Þrjár einbreiðar brýr eru á núverandi vegi, yfir Þórisá, Eyrarteigsá og Jóku. Brúin yfir Þórisá er 12 m löng og 3 m breið steipt bitabrúa, byggð árið 1952. Brúin yfir Eyrarteigsá er 14 m löng og 3,6 m breið steipt bitabrú, byggð árið 1944. Brúin yfir Jóku er 28 m löng og 3,1 m breið steipt bitabrú frá 1944. Vegsvæði Hringvegar er 60 m breitt og nær 30 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar.

Ársdagsumferð Hringvegs á þessum kafla var 153 bílar á dag árið 2006. Framreiknuð umferð árið 2026, 20 árum seinna er 277 bílar á dag. Hlutfall þungra bifreiða hefur ekki verið metið.

## 3 FRAMKVÆMDALÝSING

### 3.1 VEGUR

Veglína fylgir núverandi vegi fyrstu 800 m til suðurs frá slitlagsenda við Litla Sandfell. Við stöð 800 sveigir veglína til vesturs niður á áreyrar Þórisár. Á milli stöðva 1000 og 1300 fer ný veglína um gróið mólendi/kjarrlendi og síðan yfir ógrónar og lítið grónar áreyrar Þórisár að stöð 2050. Næstu 100 metra fer veglína yfir grónar áreyrar sem hafa verið græddar upp sem tún og að stöð 1520 liggur hún um grónar áreyrar uns hún liggur á 100 kafla yfir ræktað tún.

Frá stöð 2680 til 3040 liggur veglína í jaðri túna í landi Eyrarteigs en vestan við veglínu eru gróið mólendi með kjarri á köflum. Frá stöð 3040 liggur veglínin um grónar áreyrar Eyrarteigsár á um 250 m kafla og síðan um ógrónar eyrar að stöð 3640. Þaðan liggur línan yfir graslendi að stöð 3900 þar sem við taka lítið grónar áreyrar að stöð 4060.

Í stöð 4060 fer veglína á 60 m kafla yfir kvísl Grímsár en mjög lítið rennsli er í kvíslina eins og áin er í dag. Frá stöð 4120 að stöð 4350 liggur veglína yfir ógrónar áreyrar Grímsár. Veglína liggur yfir tún á milli stöðva 4350 og 6000 þar sem hún liggur út á áreyrar Jóku.

Veglína liggur síðan inn á núverandi veg í stöð 6900 og fylgir núverandi vegi að enda framkvæmdakafli í stöð 10930. Vegur breikkar á þeim kafla og verða því einhverjar skeringar og fyllingar með vegi.

### 3.2 BRÝR

#### 3.2.1 Þórisá

Ný brú verður 10 m löng steipt plötubrú. Brúin verður með 8,5 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum bríkum og heildarbreidd því 9,5 m. Stöplar verða með bogforma vængjum. Vegrið verður sett á brúna og nánasta umhverfi samkvæmt gildandi stöðlum.

#### 3.2.2 Eyrarteigsá

Ný brú verður 14 m löng steipt plötubrú. Brúin verður með 8,5 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum bríkum og heildarbreidd því 9,5 m. Stöplar verða með bogforma vængjum. Vegrið verður sett á brúna og nánasta umhverfi samkvæmt gildandi stöðlum.

#### 3.2.3 Jóka

Byggð verður 32 m löng steipt eftirspennt brú. Brúin verður með 8,5 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum bríkum og heildarbreidd því 9,5 m. Stöplar verða með bogforma vængjum. Vegrið verður sett á brúna og nánasta umhverfi samkvæmt gildandi stöðlum.

### 3.3 EFNISÞÖRF

Áætluð efnisþörf í verkið er um 225.100 m<sup>3</sup> sem að verður fengið úr mótun farvega Þórisár og Jóku sem og úr áreyrum Grímsár og Múlaár. Auk þess er reiknað með að efni í rofvörn verði tekið í Haugaá, og efni í klæðingu verði unnið í Grímsá við Stekkhólma. Reiknað er með 132.000 m<sup>3</sup> í fyllingar og fláafleyga, 18.000 m<sup>3</sup> í efra burðarlag, 72.000 m<sup>3</sup> af neðra burðarlagsefni, 1.100 m<sup>3</sup> af efni í klæðingu, og 2.000 m<sup>3</sup> af efni í rofvörn. Efni úr skeringum er um 21.000 m<sup>3</sup>.

Tafla 1. Efnistaka

|                       | Klæðing<br>(m <sup>3</sup> ) | Efra<br>Burðarlag<br>(m <sup>3</sup> ) | Neðra<br>burðarlag<br>(m <sup>3</sup> ) | Fyllingar og<br>fláafleygar<br>(m <sup>3</sup> ) | Rofvörn<br>(m <sup>3</sup> ) | Samtals<br>(m <sup>3</sup> ) |
|-----------------------|------------------------------|--|---|--|------------------------------|------------------------------|
| Þórisá                |                              |  | 24.000                                  | 25.000   |                              | 49.000                       |
| Grímsá v. Hryggstekki |                              |  |   | 30.000   |                              | 30.000                       |
| Jóka                  |                              | 18.000                                 |   | 56.000   |                              | 74.000                       |
| Múlaá við Reynihaga   |                              |  | 24.000                                  |  |                              | 24.000                       |
| Múlaá við Víðilæk     |                              |  | 24.000                                  |  |                              | 24.000                       |
| Grímsá við Stekkhólma | 1.100                        |  |   |  |                              | 1.100                        |
| Haugaá                |                              |  |   |  | 2.000                        | 2.000                        |
| Skeringar             |                              |  |   | 21.000   |                              | 21.000                       |
| <b>Samtals</b>        | <b>1.100</b>                 | <b>18.000</b>                          | <b>72.000</b>                           | <b>132.000</b>                                   | <b>2.000</b>                 | <b>225.100</b>               |

#### Þórisá

Fyrirhugað er að móta farveg Þórisár á um 700 m löngum kafla. Farvegurinn verður um 30-35 m breiður og 2-2,5 m djúpur á svipuðum stað og megin farvegur er í dag. Gert er ráð fyrir að taka 49.000 m<sup>3</sup> af efni úr farveginum. Efni á þessum stað er mól og grjót sem notað verður fyllingar og neðra burðarlag. Bakkar farvegar verða óreglulegir þannig að efnistaka verði minna áberandi.

#### Grímsá við Hryggstekki

Gert er ráð fyrir að taka 30.000 m<sup>3</sup> af efni úr áreyrum Grímsár í landi Hryggstekks og Arnhólsstaða. Efni á þessum stað er mól og grjót sem notað verður í fyllingar. Áreyrnar á þessum stað eru að mestu ógrónar en þó einhver gróður á hluta eyrinnar. Efnistökusvæðið er um 300 m langt og um 30 - 80 m breitt og er gert ráð fyrir að dýpt efnistökusvæðis sé að jafnaði 2 m.

#### Jóka

Gert er ráð fyrir að taka 74.000 m<sup>3</sup> af efni úr áreyrum Jóku. Efni á þessum stað er mól og grjót sem notað verður fyllingar og efra burðarlag. Við efnistöku verður farvegur Jóku lagfærður og dýpkaður þar stað sem ný brú verður byggð. Efnistökusvæðið verður um 60 m breitt, um 600 m langt og um 2-3 m djúpt. Bakkar farvegar verða óreglulegir þannig að efnistaka verði minna áberandi.

#### Múlaá við Reynihaga

Gert er ráð fyrir að taka 24.000 m<sup>3</sup> af efni úr áreyrum Múlaár í landi Reynihaga Efni á þessum stað er mól og grjót sen noað verður í neðra burðarlag. Áreyrnar á þessum stað eru að mestu ógrónar. Efnistökusvæðið er um 200 m langt og um 70 m breitt og er gert ráð fyrir að dýpt efnistökusvæðis sé að jafnaði 2 m.

### **Múlaá við Víðilæk**

Gert er ráð fyrir að taka 24.000 m<sup>3</sup> af efni úr áreyrum Múlaár í landi Víðilækjar Efni á þessum stað er möl og grjót sen noað verður í neðra burðarlag. Áreyrarnar á þessum stað eru að mestu ógrónar. Efnistökusvæðið er um 250 m langt og um 60 m breitt og er gert ráð fyrir að dýpt efnistökusvæðis sé að jafnaði 2-2,5 m.

### **Haugaá**

Gert er ráð fyrir að taka efni í rofvörn, um 2.000 m<sup>3</sup> í Haugaá. Áreyrarnar á þessum stað eru að mestu ógrónar. Efnistökusvæðið er um 200 m langt og um 20 m breitt og er gert ráð fyrir að dýpt efnistökusvæðis sé að jafnaði 1-2 m

### **Grímsá við Stekkhólma**

Gert er ráð fyrir að vinna efni í klæðingu, um 1.100 m<sup>3</sup> í Grímsá við Stekkhólma.

## **3.4 FRÁGANGUR**

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi náma, vegkanta, fyllinga og skeringa. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar og námur verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi í samræmi við gróður í nágrenninu. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu. Núverandi brýr verða látnar standa.

## **3.5 VINNUBÚÐIR**

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

## **3.6 REKSTUR**

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins. Framkvæmdir sem tengjast rekstri eru m.a. viðhald og snjómokstur. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.



## UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

### 3.7 ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim. Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

#### 3.7.1 Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Þegar endurbýggður er gamall vegur má búast við að áhrif framkvæmdarinnar séu minni en þegar um nýbyggingu er að ræða.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir geta haft sjónræn áhrif og markað ný spor í landslagið.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýr vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Bættar samgöngur kunna að hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð vegalagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

#### 3.7.2 Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnispörfín ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

## **4 ÁHRIF FRAMKVÆMDAR**

### **4.1 LANDSLAG**

Vegurinn liggur á þessum kafla um Skriðdal til suðurs frá Egilsstöðum. Fyrsti kílómeterinn frá nyrðri enda framkvæmdakafla fylgir núverandi vegi. Næstu 6 km fara um svæði sem er ýmist áreyrar eða tún. Farvegum Þórisár og Jóku verður breytt þar sem nýr farvegur verður mótaður með efnistöku. Efnistaka verður einnig úr áreyrum Grímsár sem og úr áreyrum Múlaár á tveimur stöðum. Veglína fylgir síðan núverandi vegi á um 4 km kafla frá Skriðdalsvegi að suðurenda framkvæmdakafla skammt norðan við Haugaá.

#### **Áhrif á landslag**

Framkvæmdin mun hafa áhrif á landslag þar sem veglínan fer um óraskað land á um 7 km löngum kafla. Efnistaka fer fram úr áreyrum og breyta farvegum Þórisár og Jóku auk þess sem efnistaka úr Grímsá og Múlaá breytir ásýnd svæðisins. Við lagfæringu farvega verða bakkarnir hafðir óreglulegir til þess að breytingar verði minna áberandi.

Gengið verður þannig frá vegsvæði að vegur falli vel að landi. Sáð verður í vegkanta eftir því sem við á.

### **4.2 LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN**

Framkvæmdin er í landi Litla Sandsfells, Eyrarteigs, Hryggstekks, Arnhólsstaða, Hallbjarnarstaða og Víðilækjar.

#### **Áhrif á landnotkun**

Minni háttar skrerðing verður á tünnum og eitthvað svæði sem hefur verið plantað trjám í mun einnig skerðast lítillega. Vegfarendur munu verða varir við framkvæmdirnar þar sem þær eru að hluta til á núverandi vegi. Vegurinn mun ekki hafa teljandi áhrif á landnotkun.

### **4.3 JARÐMYNDANIR**

Engar sérstakar jarðmyndanir eru á framkvæmdakaflanum.

#### **Áhrif á jarðmyndanir**

Vegagerðin telur að framkvæmdin muni ekki hafa teljandi áhrif á jarðmyndanir.

### **4.4 VATN**

Nýjar brýr verða byggðar á Þórisá, Eyrarteigsá og Jóku. Farvegum Þórisár og Jóku verður breytt.

#### **Áhrif á vatn**

Vegurinn liggur hvergi um votlendi. Farvegir Þórisár og Jóku verða lagfærðir ofan við nýjan veg. Efni verður tekið úr farvegum beggja áanna en botninn verður samskonar og hann er í dag. Vegagerðin álitur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnsbúskap á svæðinu.

#### 4.5 GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF

Ný veglína liggur ýmist um áreyrar sem eru mis grónar eða um tún og graslendi. Á köflum hefur verið plantað trjám til skógræktar, einkum lerki.

Einhver veiði er í ám á svæðinu en engar veiðitölur koma fram í tölum Veiðimálastofnunar um lax- og silungaveiði 2007.

Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna á framkvæmdasvæði eða í nágrenni þess.

##### Áhrif á gróðurfar

Reiknað er með að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verði ekki mikil. Graslendi og grónar áreyrar munu þó skerðast þar sem vegur fer yfir óraskað land sem og tún á köflum.

##### Áhrif á dýralíf

Framkvæmdin getur haft áhrif á fisk í ám á svæðinu vegna gruggmyndunar og rasks á botni. Áhrifin eru þó tímabundin og telur Vegagerðin að þau verði að teljast óveruleg. Litlir hagsmunir vegna sölu veiðileyfa virðast vera í húfu. Framkvæmdin getur haft tímabundin truflandi áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur.

#### 4.6 SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Framkvæmdin er í nágrenni við svæði á Náttúruminjaskrá sem er eftirfarandi;

**Þingmúli, Skriðuvatn, Haugahólar og Vatnaskógar, Skriðdalshreppi [nú Fljótshéraði], S-Múlasýslu.** (1) Lönd jarðanna Þingmúla og Múlastekks milli Múlaár og Geitdalsár frá ármótum suður í og með Hálsamótum. Þá áfram suður með Múlaá, Skriðuvatn og svæði milli Forviðarár og Stuttadals, þ.e. vesturhlíðar Vatnsskógafjalls og Haugafjalls. (2) Rætur fornrar megineldstöðvar (Þingmúli), fjölbreyttar jarðmyndanir, framhlaup og steingervingar frá tertíer. Söguminjar við Þingmúla. Skriðuvatn er lífríkt vatn í gróðursælu umhverfi.

##### Áhrif svæði á Náttúruminjaskrá

Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á ofangreint svæði.

#### 4.7 MENNINGARMINJAR

Engar friðlýstar fornleifar eða sjáanlegar fornleifar eru í vegsvæðinu eða nágrenni þess.

Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðisins.

##### Áhrif á fornminjar

Reiknað er með að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma, sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Austurlands um aðgerðir.

## 5 AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæði og skeringasvæði. Verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan framkvæmdasvæðis á verk tíma nema að námum.
- Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari að öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúið gilda.
- Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það við landeigendur.
- Landeigendum verða greiddar bætur fyrir efni úr námum sem notað verður til vegagerðar og landbætur vegna skerðingar á landi.
- Gengið verður frá námusvæðum í verklok og það jafnað og sléttað. Vegagerðin mun græða upp fyllingar og vegskeringar í veglínunni þar sem við á.

## **6 NIÐURSTAÐA**

- Framkvæmdakafli er samtals 10,9 km langur.
- Nýr vegur verður byggður á 7,1 km kafla. vegur verður enduruppbyggður á um 3,8 km kafla.
- Við framkvæmdina verða byggðar nýjar brýr yfir Þórisá, Eyrarteigsá og Jóku.
- Efnistaka er fyrirhuguð úr vegskeringum á vegsvæði, úr lagfæringum á farvegum Þórisár og Jóku og úr námum við Grímsá og Múlaá.
- Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.
- Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi þar sem einbreiðar brýr eru fjarlægðar og krappar beygjur eru aflagðar.
- Reiknað er með að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg. Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sár í landinu sem minnst áberandi.

## **7 HEIMILDIR**

1. Námur, efnistaka og frágangur, 2002: Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfisráðuneytið, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóraembættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins. Reykjavík, 75 bls.
2. Náttúruminjaskrá, júlí 2008: Heimasíða Umhverfisstofnunar, [www.ust.is/natturuvernd/natturuminjaskra](http://www.ust.is/natturuvernd/natturuminjaskra).
3. Aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017
4. Lax- og silungaveiðin 2007: Guðni Guðbergsson, maí 2008, VMST/08023

## **8 TEIKNINGAR**

- Teikning 1. Mannvit verkfræðistofa, (2008): Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæðinu, mkv. 1:25.000